

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 15. febrúar 2021
Málsnr.: 2102028/Málalykill: 0.10.2

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, með síðari breytingum (atvinnusjúkdómar, miskabætur o.fl.) – Þingskjal 671 – 424. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 27. janúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun fagnar frumvarpinu og telur það gott skref í þá átt að skýra réttarframkvæmd við meðferð slysatrygginga almannatrygginga en telur þó ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við 13., 14., 17. og 19. gr. þess:

1. Í 13. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á 14. gr. laganna þess efnis að í stað þess að þar sé að finna ákvæði um samspil bóta skv. lögnum við bætur skv. lögum um almannatryggingar verði einungis að finna ákvæði um slysadagpeninga og fyrirmæli um að slysadagpeningar greiðist ekki fyrir sama tímabil og sjúkradagpeningar skv. lögum um sjúkratryggingar. Hafi þegar verið greiddir sjúkradagpeningar skuli slysadagpeningar nema mismuninum.

Þó frumvarpið mæli fyrir um að örorkubætur vegna slyss skv. 12. gr. laganna breytist í miskabætur og dánarbætur skv. 13. gr. laganna verði greiddar með eingreiðslu þá verður áfram þörf fyrir ákvæði um samspil slysadagpeninga við bætur skv. almannatryggingarlögum og fleiri lögum, sbr. einnig hér að neðan umfjöllunum um fyrirhugaða breytingu á 48. gr. almannatryggingalaga í c.-lið 2. tölul. 19. gr. frumvarpsins.

Það nægir ekki að í tveimur lögum sem kveða á um svipaðar greiðslur, sem geta skarast á, sé einungis fjallað um samspil þessara greiðslna og jafnvel ákvæði um endurkröfurétt í öðrum þessara laga. Í báðum lögum þarf a.m.k. að mæla fyrir um að greiðslur fari ekki saman og hvernig skuli með fara ef sú staða kemur upp að um báðar greiðslur hafa átt sér stað fyrir sama tímabil.

2. Í a.-lið 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á 15. gr. laganna að síðari másl. 1 mgr. ákvæðisins sem nú mælir fyrir um upphaf og lok mánaðarlegra bóta skv. 12. og 13. verði breytt á þann veg að bætur skv. 13. gr. reiknist frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falli niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.



Þar sem í frumvarpinu er kveðið á um þá breytingu á bæði 12. og 13. gr. laganna að um eingreiðslu bóta verði að ræða væri eðlilegra að fella síðari málslið 1. mgr. 15. gr. brott.

3. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ef samanlagðar bætur eingreiðslu skv. 1. mgr. 17. gr. og tengdar bætur skv. 21.-22. gr. almannatryggingalaga séu lægri en bætur sem einstaklingar hafa fengið sem mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur í kjölfar slyss fyrir 1. janúar 2022 eigi að reikna út eingreiðsluverðmæti bótanna og greiða út mismuninn með greiðslu örorkubóta vegna slyss.

Þar sem bætur skv. 21.-22. gr. almannatryggingalaga hafa eingöngu verið greiddar með örorkulífeyri slysatrygginga ef slysaörorka er metin a.m.k. 75% og að því tilskyldu að skilyrði lífeyristrygginga eru uppfyllt er þetta ákvæði óþarft hvað þau ákvæði varðar. Ákvæði sem þetta ætti betur við um missi annarra greiðslutegunda sem hafa farið með slysaörorku á bilinu 51-74%, t.d. barnalífeyri og uppbót vegna kaupa á bifreið eða reksturs bifreiðar, eða lækkun greiðslna vegna þess að örorkubætur skv. almannatryggingalögum eru reiknaðar á grundvelli bæði búsetu og tekna einstaklingsins.

4. Í 1. tölul. 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir þá um breytingu á lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 að sjúkratryggingastofnuninni sé bætt við í 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. um að tekjur af almennu tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1.-5 tölul. renni til Tryggingastofnunar til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem ráðherra setur með reglugerð.

Í ákvæðinu er þannig kveðið á um að hluti tryggingagjalds skiptist milli Tryggingastofnunar og sjúkratryggingastofnunar án þess að nánar sé kveðið á um skiptingu gjaldsins milli þessara tveggja stofnana í ákvæðinu, þ.e. að einungis sé gert ráð fyrir að skiptingin verði ákveðin af ráðherra í reglugerð.

Vert þykir að minna á að ráðherra í lögum um tryggingagjald er fjármála- og efnahagsráðherra auk þess sem sjúkratryggingastofnunin og lög um slysatryggingar almannatrygginga falla undir verksvið heilbrigðisráðherra og Tryggingastofnun og almannatryggingalög falla undir verksvið félags- og barnamálaráðherra.

5. Í c.-lið 2. tölul. 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á 48. gr. laga um almannatryggingar að í 1. og 2. mgr. ákvæðisins sé felld brott tilvísun í lög um slysatryggingar almannatrygginga. Í þessu ákvæði er einmitt að finna fyrirmæli um að greiðslur skv. þessum tvennum lögum fari ekki saman nema sérstaklega sé kveðið á um það og um greiðslu hærrí eða hæstu bótanna ef réttur er á fleiri tegundum bóta skv. þessum lögum. Þau fyrirmæli ættu áfram við um slysadagpeninga skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga.

Með því að fella brott þessi ákvæði væri búið að fella í brott síðustu fyrirmælin í almannatryggingalögum um að greiðslur skv. öðrum lögum fari ekki saman með lögum um almannatryggingar. Einungis stæði þá eftir ákvæði 3. mgr. 48. gr. laganna um að njóti einstaklingur bóta skv. öðrum lögum fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar skv.



lögnum skuli þær telja til tekna við útreikning tekjutengdra bóta skv. nánari ákvæðum laganna.

Í ýmsum lögum er kveðið á um að greiðslur skv. lögum um slysatryggingar og lögum um almannatryggingar fari ekki saman með greiðslum skv. öðrum lögum. Sem dæmi má nefna að í 32. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 er mælt fyrir um ósamrýmanleg réttindi, í 36. gr. laga um atvinnuleysisbætur nr. 54/2007 er kveðið á um frádrátt vegna tekna og í 51. gr. sömu laga er kveðið á um ósamrýmanlegar greiðslur og í 53. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020, áður 33. gr. laga nr. 95/2000, er kveðið á um ósamrýmanleg réttindi.

6. Í d.-lið 2. tölul. 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði við lögin í tengslum við greiðslu eftirstöðva bóta, hverjir eigi rétt á áframhaldandi lífeyrisgreiðslum skv. almannatryggingalögum, niðurfellingu skerðingar á lífeyrisgreiðslum skv. almannatryggingalögum vegna slysaörorkumats undir 50% og áframhaldandi greiðslu barnalífeyris ef skilyrði 20. gr. almannatryggingalaga eru uppfyllt.

Vakin skal athygli á að fyrirhugað almennt ákvæði í 1. mgr. fyrirhugaðs bráðabirgðaákvæðis, um að frá 1. janúar 2022 hafi greiðslur skv. lögum um slysatryggingar almannatrygginga ekki áhrif á útreikning bóta laga um almannatryggingar á ekki við að setja í bráðabirgðaákvæði við lög um almannatryggingar. Ákvæði frumvarpsins um greiðslu miskabóta skv. 12. gr. laganna og eingreiðslu dánarbóta skv. 13. gr. laganna fela í sér að þessar greiðslur falla undir 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 þar sem fram kemur að ekki teljist til tekna eignarauki sem verður til vegna greiðslu líftryggingarfjár, váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Þessar greiðslur myndu ekki hafa áhrif á útreikning bóta laga um almannatryggingar vegna þess að þær yrðu ekki skattskyldar, sbr. 16. gr. laga um almannatryggingar. Slysadagpeningar skv. 11. gr. laganna yrðu þó áfram skattskyldir skv. tekjuskattslögum og þörf fyrir ákvæði um samspil þeirra greiðslna við önnur lög yrði því enn fyrir hendi, sbr. umfjöllun hér að ofan um fyrirhugaða breytingu á 48. gr. almannatryggingalaga.

7. Í 3. tölul. 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá breytingu á síðari másl. 1. mgr. 32. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 að fellt verði niður ákvæði um að sjúkradagpeningar greiðist ekki fyrir sama tímabil og slysadagpeningar.

Þær breytingar sem frumvarp þetta felur í sér gefa ekki tilefni til þess að fella brott ákvæði um samspil slys- og sjúkradagpeninga í lögum um sjúkratryggingar þar sem eðlilegt er að slíkt ákvæði sé að finna í báðum lögum, sbr. einnig hér að ofan umfjöllunum um 13. gr. og c.-lið 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Sigríður Lilly Baldursdóttir
Förstjóri Tryggingastofnunar